

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1966
REYKJAVÍK 1967

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

E F N I S Y F I R L I T

Bls.

Skýrsla bankastjórnar	5
1. Pjóðarframleiðsla	5
2. Greiðslujöfnuður	7
3. Próun peningamála	12
4. Alþjóðleg efnahagssamvinna	17
5. Reikningshreyfingar Seðlabankans	19
6. Fjárfestingarlán	21
7. Stjórn, seðlamál, löggjöf o.fl.	24
Reikningar 1966	27
Töflur	41

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

1. Þjóðarframleiðsla

Á árinu 1966 snerist hin mikla verðhækkun útflutningsafurða, sem staðið hefur um nokkurra ára skeið, til verðlækkunar. Jafnframt tók fyrir þá miklu magnaukningu útflutningsframleiðslu, sem átt hefur sér stað á undanfönum árum. Fór áhrifa þessarar þróunar þó ekki að gæta að ráði fyrr en seitn á árinu, og koma þau því ekki fram í heildartölum um þjóðarbúskapinn nema að nokkru leyti. Engu að síður er ljóst, að veruleg breyting hefur orðið á þróun þjóðarframleiðslu og þjóðartekna miðað við undanfarin ár. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Efnahagsstofnuninni jómst þjóðarframleiðslan á föstu verðlagi um 3,5% á árinu á móti 5,0% árið áður. Viðskiptakjör voru óbreytt á árinu og raunveruleg aukning þjóðartekna því hin sama og þjóðarframleiðslu, þ. e. 3,5%. Árið 1965 höfðu þjóðartekjur hins vegar vaxið um 9,2%, en sá öri vöxtur átti rætur að rekja til óvenju hagstæðra viðskiptakjara, sem bötnuðu um 11% á því ári.

Þótt raunverulegur vöxtur þjóðarframleiðslu væri aðeins 3,5%, jómst verðmætaráðstöfun í landinu um 6,0%. Jukust báðir meginþættir þessarar ráð-

stöfunar, þ. e. neyzla og fjárfesting, um sama hundraðshluta, eða 6%. Slík ráðstöfun verðmæta umfram afrakstur þjóðarbúsins er því aðeins möguleg, að innflutningur vöru og þjónustu sé meiri en útflutningurinn, en yfirlitið á næstu síðu sýnir, að halli á viðskiptum við útlönd nam um 350 millj. kr. Gjaldeyrisforðinn minnkaði hins vegar ekki á árinu, vegna þess að á móti hallanum á viðskiptajöfnuði kom hagstæður jöfnuður á fjármagnshreyfingum.

Eins og fyrr greinir, varð mikið verðfall á síldarafurðum og freðfiski á síðari hluta ársins, en þar sem verulegur hluti framleiðslunnar hafði verið seldur fyrir verðfallið, var meðalverð þeirra sjávarafurða, sem út voru fluttar á árinu, hærra en meðalverð ársins 1965. Hins vegar mun verðlag á útflutnum landbúnaðarafurðum hafa lækkað verulega, eða um nálægt 8%. Verðlag á útflutnum afurðum í heild mun hafa hækkað um 1 til 2%. Áætlað er, að verðhækkun á innflutnum vörum hafi verið svipuð og verðhækkun útflutningsins, þannig að viðskiptakjör hafi ekki breytzt á árinu.

Framleiðsla útflutningsafurða breytt-

Pjóðarframleiðsla (verg) og verðmætaráðstöfun 1966.

(Bráðabirgðaáætlun)

	<i>Raunverul. vöxtur í %</i>	
	<i>Millj. kr.</i>	<i>frá fyrra ári</i>
Pjóðarframleiðsla	23.920	3,5
+ Innflutningur	9.550	16,4
÷ Útflutningur	9.200	9,3
Heildarverðmæti til ráðstöfunar innan lands	24.270	6,0
<i>Ráðstöfun:</i>		
Neyzla	17.400	6,0
Fjárfesting (með birgðabreytingum)	6.870	6,0
<i>Geiraskipting fjárfestingar:</i>		
Atvinnuvegirnir	3.275	18,2
Íbúðarhús	1.700	10,8
Mannvirki og byggingsar hins opinbera	1.880	7,2
Birgða- og bústofnsbreytingar	15	

ist lítið sem ekkert á árinu 1966 frá því, sem verið hafði árið áður, hvorki að magni né verðmæti. Aukning útflutnings á árinu stafaði því að mestu leyti af því, að nú varð lítils háttar minnkun útflutningsbirgða í stað hinnar miklu aukningar birgða, sem orðið hafði árið á undan.

Um þátt einstakra greina í þróun pjóðarframleiðslunnar að öðru leyti er það að segja, að fiskaflinn er áætlaður 1.240 þús. tonn, sem er 3,5% aukning frá árinu áður. Hins vegar varð verðmætasti hluti aflans, þorskaflinn, 46 þús. tonnum minni en 1965, en verðminnsti hlutinn, loðnuaflinn, 75 þús. tonnum meiri. Síldaraflinn varð svipaður og áður.

Framleiðsla í landbúnaði varð heldur minni en árið áður. Mjólkurframleiðsla minnkaði um 4,6%, en framleiðsla

kindakjöts jókst um 4—5%. Kartöfluframleiðslan mun hafa orðið um helmingi minni en árið áður. Bústofn minnkaði sökum fækunar nautgripa, en tala sauðfjár virðist að mestu óbreytt frá árinu áður.

I iðnaði, öðrum en fiskiðnaði, mun hafa orðið nokkur framleiðslaukning, en ekki eru fyrir hendi tölulegar upplýsingar um framleiðsluna í þessari atvinnugrein. Framleiðslaukning í byggingsstarfsemi og mannvirkjagerð er áætluð 8%.

Heildarfjármunamyndun á föstu verðlagi jókst um 13% frá árinu áður. Mest var aukning fjármunamyndunar í atvinnuvegunum, 18%. Bygging íbúðarhúsa jókst um 10%, en mannvirki og byggingsar hins opinbera um 7%. I einstökum atvinnugreinum varð aukning fjármunamyndunar mest í iðnaði öðrum en fiskiðnaði, eða um 40%. Allmikil aukning varð þó einnig á öðrum iðnaðarframkvæmdum og einnig á framkvæmdum í fiskiðnaði, en í þeirri grein kvað eins og áður mest að síldariðnaðinum. Mikil aukning varð á nýjan leik á fjármunamyndun í fiskveiðum, en úr henni hafði dregið á árinu 1965. Þá hefur fjármunamyndun í floknum „ýmsar vélar og tæki“, en þar eru taldar vinnuvélar hvers konar, aukizz mjög mikið, eða um rúm 30%. Það er athyglisvert, að fjármunamyndun í vélum og tækjum yfirleitt jókst mun meira en í byggingu og mannvirkjum, eða um 24% samanborið við 11% aukningu í byggingu og 2% í öðrum mannvirkjum.

Verðmæti útflutningsvörubirgða á föstu verðlagi jókst um 35 millj. kr. Sé miðað við verðlag, eins og það var í árs-

byrjun annars vegar og í árslok hins vegar, kemur fram lækkun birgðaverðmætis um 107 millj. kr., en árið áður hafði verðmæti útflutningsvörubirgða reiknað á sama hátt aukzit um 444 millj. kr. Heildarfjárfestingin, sem er fjármunamyndun að viðbættum birgða- og bústofnsbreytingum, sýndi 6% aukningu á árinu, eins og áður er að vikið. Nánari upplýsingar um einstaka þætti þjóðarframleiðslunnar síðustu þrjú ár er að finna í 1. töflu aftast í skýrslunni.

Samfara hinni miklu aukningu útflutningsframleiðslu og hækkun verðlags á útflutningsafurðum Íslendinga hefur átt sér stað hér á landi undanfarin ár mikil hækkun kaupgjalds og verðlags. Var þessi verðhækunarþróun sérstaklega öfugt á árinu 1965 og fyrstu mánuði ársins 1966. Um mitt árið 1966 voru áhrif hinna miklu kauphækkana ársins 1965

að mestu komin fram í verðlaginu, og dró þá úr eftirspurnarþenslunni og verðlagsþróunin varð hægari. Áttu breyttar aðstæður á erlendum mörkuðum og lækkandi verðlag á ýmsum meginútflutningsafurðum þjóðarinnar mestan þátt í þessari breytingu, en einnig komu hér til áhrif bættrar stöðu ríkissjóðs og breytts ástands á peningamarkaðnum, sem síðar mun nánar greint frá. Vegna versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna var ekkert svigrúm til kauphækkana, enda héldust laun óbreytt síðustu mánuði ársins. Til þess að tryggja betur það jafnvægi verðlags og launa, sem þannig hafði myndazt, beitti ríkisstjórnin sér fyrir setningu laga um almenna verðstöðvun, sem á að gilda frá nóvember 1966 til nóvember 1967.

2. Greiðslujöfnuður

Tölur þær, sem fyrir liggja um afkomu þjóðarbúsins út á við á árinu 1966, bera þess greinilega merki, hver umskipti urðu á árinu vegna breyttrar þróunar í útflutningstekjum. Árið 1965 hafði verið eitt bezta ár í sögu þjóðarinnar, bæði að því er varðar aflabréögð og þróun verðlags á erlendum mörkuðum, og jókst þá framleiðsluverðmæti útflutningsafurða um nærrri því einn fjórða hluta. Kom það fram bæði í mikilli aukningu útflutnings og að nokkru í miklum útflutningsbirgðum í árslok. Markaðshorfur héld-


ust enn góðar fyrri hluta árs 1966, og hélt verðlag erlendis áfram að hækka. Síðari hluta ársins fóru aðstæður á erlendum mörkuðum hins vegar mjög versnandi, og varð þá mikið verðfall á helztu útflutningsvörum Íslendinga, svo sem síldarmjöli og lýsi og frystum fiski. Þetta verðfall ásamt minni þorskafla gerði meira en vega upp á móti því, að metsíldaraflfi fékkst á árinu 1966. Benda bráðabirgðatölur til þess, að verðmæti útflutningsframleiðslunnar á árinu hafi orðið um 2% minna en á árinu

1965. Hér er um mikil umskipti að ræða, sérstaklega þegar haft er í huga, að þetta er í fyrsta sinn síðan 1960, sem verðmæti útflutningsframleiðslunnar hefur lækkað, en á fimm undanförnum árum hafði það aukizt að meðaltali um nær 14% á ári. Að vísu jókst útflutningsverðmæti þrátt fyrir þetta á árinu um tæplega 8%, en það stafaði eingöngu af birgðabreytingum. Á árinu 1965 höfðu útflutningsvörubirgðir aukizt mjög mikið, en þær lækkuðu um rúmar 100 millj. kr. á árinu 1966.

Þróun innflutnings er öðru fremur mörkuð af breytingum heildartekna og eftirspurnar í þjóðfélaginu. Tekjupró-unin er svo aftur að stórum hluta ákvörðuð af tekjum útflutningsatvinnuveganna og þess fólks, sem við þá starfa. Pannig átti hin stórfellda aukning tekna í sjávarútveginum á árinu 1965 meginþátt í því, að eftirspurn og innflutningur jókst mjög ört síðari hluta þess árs og fyrri hluta ársins 1966. Úr þessari aukningu innflutnings dró hins vegar, þegar á árið leið og áhrif breyttra aðstæðna í sjávarútveginum fóru að koma fram. Pannig var innflutningsaukningin á fyrsta ársfjórðungi 1966 31% miðað við sama tíma árið áður, en aðeins 7% síðasta ársfjórðunginn. Í þessum samanburði er hvorki talinn innflutningur skipa og flugvéla, né innflutningur vegna Búrfellsvirkjunarr, en þetta hvort tveggja nam um 780 millj. kr. á árinu. Fyrir árið í heild nam innflutningsaukningin um 16%.

Sú þróun útflutnings og innflutnings, sem nú hefur verið rakin, hlaut að hafa í för með sér mun óhagstæðari greiðslujöfnuð en á árinu 1965, eins og sjá má á meðfylgjandi bráðabirgða-

GJALDEYRISSTAÐA BANKANNA



yfirliti um greiðslujöfnuðinn 1966, en þar eru einnig tilgreindar endanlegar tölur fyrir árið 1965.

Greiðslujöfnuður við útlönd.

	1966	1965	Bráðabirgða-
Vörur og þjónusta:	<i>yfirlit</i>		
Innflutt skip og flugvélar	÷ 650	÷ 584	
Innflutt v/Búrfells	÷ 180	—	
Aðrar innfluttar vörur ..	÷ 5.520	÷ 4.756	
 Innflutt, alls	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Útflutningur	+ 6.000	+ 5.559	+ 5.559
 Vöruskiptajöfnuður	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Pjónustujöfnuður, nettó .	÷ 300	+ 219	
 Viðskiptajöfnuður	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	÷ 850	+ 214	+ 214


Fjármagnshreyfingar:

Lántökur opinberra aðila,			
nettó	+ 120	÷ 1	1
Lántökur einkaaðila, nettó	+ 180	+ 218	
Aðrar fjármagnshreyfingar, nettó	+ 53	÷ 112	112
 Fjármagnsjöfnuður	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	+ 353	+ 105	105
 Heildargreiðslujöfnuður ...	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	+ 3	+ 319	319

Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar var heildarhallinn á vöruskiptum við útlönd um 806 millj. kr. á árinu 1966, en þá er innflutningur reiknaður á c.i.f. verði, það er að meðtoldum flutningsgjöldum, tryggingum og öðrum innflutningskostnaði. Í greiðslujafnaðarskýrslum er eðlilegt að reikna innflutning og útflutning á sama grundvelli, og er þá venja að reikna hvort tveggja á f. o. b. verði. Séu áætluð flutningsgjöld og annar innflutningskostnaður dregin frá innflutningstölum Hagstofunnar, en við þær bætt kostnaði við lengingar á flugvélum og skipum, sem voru um 100 millj. kr. á árinu, og enn fremur dregin frá útflutningstölum aukning, sem varð á útflutningsvörubirgðum erlendis á árinu, verður heildarniðurstafaðan sú, að vöruskiptajöfnuðurinn hafi orðið ó-hagstæður um nálægt 300 millj. kr. á árinu 1966. Er þá meðtalinn innflutningur skipa og flugvéla með lengingum, sem ásamt innflutningi vegna virkjunarframkvæmda við Búrfell nam alls 780 millj. kr.

ENN sem komið er, eru aðeins fyrir hendi lauslegar áætlanir um þjónustu-jöfnuðinn, en til hans teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum, vaxtagreiðslur, varnarliðsviðskipti o. fl. Samkvæmt bráðabirgðaáætlun er gert ráð fyrir, að þjónustujöfnuðurinn hafi orðið óhagstæður um 50 millj. kr. Er þannig áætlað, að hallinn á viðskiptajöfnuðinum í heild, þ. e. a. s. á viðskiptum með vörur og þjónustu, hafi numið um 350 millj. kr. Það er álíka halli og á árinu 1964, en mun lakari afkoma en 1965, en þá varð viðskiptajöfnuðurinn hagstæður um 214 millj. kr.

Á móti hallanum á viðskiptajöfnuði



ársins 1966 komu ýmsar fjármagnshreyfingar, er námu nettó svipaðri fjárhæð. Helztu þættir fjármagnsjafnaðarins eru innkomin lán til langs tíma, endurgreiðslur slíkra lána, stutt vörukaupalán, fyrirframgreiðslur vegna skipa- og flugvélainnflutnings og ýmsar aðrar slíkar hreyfingar. Af erlendum lántökum til eins árs eða lengri tíma voru alls notaðar um 800 millj. kr. Þar af námu lán einkaaðila um 460 millj. kr., en þau eru að langmestu leyti vegna flugvéla- og skipakaupa. Lántökur opinberra aðila námu um 340 millj. kr. Endurgreiðslur af sams konar lánum námu alls um 500 millj. kr., þar af um 280 millj. kr. af einkalánum, en 220 millj. kr. af opinberum lánum. Samkvæmt þessum tölum, sem allar byggjast á bráðabirgðaáætlunum, hækkuðu föst erlend lán einkaaðila um 180 millj. kr., en opinber lán hækkuðu um 120 millj. kr. Heildarskuldir þjóðarbúsins í formi fastra lána hækkuðu þannig um 300 millj. kr. á árinu 1966 á móti 217 millj. kr. hækkun árið áður. Stutt

erlend vörukaupalán hækkuðu um 119 millj. kr. á árinu 1966, en árið áður hækkuðu þau um 141 millj. kr. Í heild varð fjármagnsjöfnuðurinn jákvæður um nálægt 350 millj. kr., og verður því niðurstaðan sú, að heildargreiðslujöfnuðurinn, eins og hann kemur fram í gjaldeyrisviðskiptum bankanna, var í jafnvægi á árinu, sem kom fram í því, að nettógjaldeyriseign bankanna hélzt því nær óbreytt, ef frá eru taldar árstíðasveiflur. Var hún 1.915 millj. kr. í árslok 1966 á móti 1.912 millj. kr. í árslok 1965. Er þetta í fyrsta skipti síðan 1959, sem ekki hefur orðið teljandi aukning á gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Eftirfarandi yfirlit sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna sl. þrjú ár, skipt á Seðlabanka og viðskiptabanka og enn fremur skipt á frjálsan gjaldeyri og vöruskiptagjaldeyri.

Gjaldeyrisstaða bankanna.

Í millj. kr.

Seðlabankinn

Frjáls gjaldeyrir og gull:	1964	1965	1966
Eignir	1.888	2.319	2.499
Skuldir	12	3	83

Frjáls gjaldeyrir, nettó 1.876 2.316 2.416

Vöruskiptareikningar:

Eignir	57	28	26
Skuldir	126	276	214

Vöruskiptagjaldeyrir,
nettó ÷ 69 ÷ 248 ÷ 188

Nettóstaða
Seðlabankans 1.807 2.068 2.228

Viðskiptabankar

Erlendar eignir	77	84	66
Erlendar skuldir	291	240	379


Viðskiptabankar, nettó ÷ 214 ÷ 156 ÷ 313

Gjaldeyrisstaða bankanna

Frjáls gjaldeyrir	1.662	2.160	2.103
Vöruskiptareikningar	÷ 69	÷ 248	÷ 188

Alls 1.593 1.912 1.915

VELTIINNLÁN Í BÖNKUM OG SPARISJÓÐUM



I 3. töflu í töflusafni aftast í skýrslunni er nánara yfirlit um greiðslujöfnuðinn við útlönd á árunum 1962—1966, og í 4. töflu er yfirlit yfir gjaldeyrisstöðu bankanna síðan 1956.


Á árinu 1966 urðu engar meiri háttar breytingar á skiptingu útflutnings á lönd, frá því sem var árið áður. Nam útflutningur til frjálgsgjaldeyrislanda tæpum 88% af heildarútflutningnum, þar af voru rúm 40% til landa Fríverzlunarbandalagsins og rúm 20% til Efnahagsbandalagsins. Að því er viðkemur skiptingu innflutnings á lönd, var helzta breytingin sú, að hlutdeild vöruskiptalandanna lækkaði úr rúmum 17% í rúmlega 12% af heildarinnflutningi. Hlutdeild landanna á Fríverzlunarsvæðinu jókst hins vegar úr 38% í tæp 42% af heildarinnflutningi. Samtals nam innflutningur frá frjálgsgjaldeyrislöndum tæpum 88% af heildinni og hafði hækkað úr tæpum 83% 1965. I 5. töflu er innflutningi og útflutningi sl. fjögur ár skipt á lönd.

Viðskiptasamningar. Á árinu 1966 voru, auk bókana um framlengingu og viðbætur við eldri samninga, gerðir viðskipta- og greiðslusamningar við Pólland og Tékkoslóvakíu. Nýmæli í sammingunum við bæði þessi lönd er, að tekin eru nú upp viðskipti í frjálsum gjaldeyri í stað jafnvirðiskaupaviðskipta, sem í gildi hafa verið allt frá stríðslokum. Samningurinn milli Íslands og Tékkoslóvakíu var undirritaður 12. september 1966 og gildir til 1970. Samkvæmt samningnum veita löndin hvort öðru sömu aðstöðu um inn- og útflutning og þau veita þriðja landi, sem viðskipti eru við á frjálsum grundvelli. Sérstakur samningur var gerður milli Seðlabanka Íslands og Czechoslovenská Obchodní Banka varðandi greiðslufyrirkomulag, þar sem ákveðið var, að allar greiðslur milli landanna færu fram í Bandaríkjadollurum um reikninga nefndra banka. Samningurinn milli Íslands og Póllands var undirritaður 26. september 1966 og gildir til 1969. Sérstakur samningur var gerður milli Seðlabanka Íslands og Bank Handlowy w Warszawie S. A. varðandi greiðslufyrirkomulag, og er það hliðstætt því, sem gildir við Tékkoslóvakíu.

Vöruskiptasamningar á jafnvirðiskaupagrundvelli voru í gildi á árinu 1966 milli Íslands og eftirtalinni landa: Brasilíu, Póllands, Rúmeníu, Rússlands, Tékkoslóvakíu frá 1. janúar til 30. september, svo og Ungverjalands, auk samnings við Austur-Þýzkaland, sem byggður er á einkaviðskiptum.

Auk framangreindra samninga voru almennir viðskiptasamningar í gildi við

HEILDARÚTLÁN BANKA OG SPARISJÓÐA



eftirtalin lönd á árinu 1966: Bandaríkin, Bretland, Búlgaríu, Danmörk, Finnland, Frakkland, Írland, Ísrael, Júgóslavíu, Kúbu, Spán, Svíþjóð og Vestur-Þýzkaland.

Gengisskráning. Stofngengi íslenzku krónunnar er 43,00 kr. í einum Bandaríkjadollar, en það samsvarar því, að ein íslenzk króna sé jöfn 0,0206668 gr af skíru gulli. Samkvæmt því jafngilda 100 gullkrónur 1.951,09 krónum. Á árinu 1966 var gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar fast, og var kaupgengi skráð á 42,95 kr. og sölugengi á 43,06 kr. Gengi á öðrum frjálsum gjaldeyri var hins vegar breytilegt eftir gengi viðkomandi gjaldeyris gagnvart dollar. Voru því alltíðar breytingar á skráningu hinna ýmsu mynta á árinu. Í 11. töflu er sýnd gengisskráning Seðlabankans í lok hvers mánaðar á árinu 1966.

3. Þróun peningamála


Við upphaf ársins 1966 var ríkjandi mikil þensla í íslenzkum efnahagsmálum. Var það ekki sízt áberandi á sviði peningamála. Þetta ástand átti rætur sínar að rekja til þróunar, sem varð á árinu 1965 og að nokkru leyti 1964. Árið 1964 og fram undir mitt ár 1965 var ríkisssjóður rekinn með verulegum greiðsluhalla, sem jafnaður var með skuldasöfnun í Seðlabankanum. Jafnframt streymdi fé úr Seðlabankanum og leiddi það til útlánaþenslu hjá innlásstofnunum og vaxandi heildareftirspurnar innanlands. Hliðstæð áhrif, en miklu stórfelldari, stöfjuðu frá hinni óvenjulega miklu aukningu útflutningsframleiðslu og gjaldeyristekna, sem varð aðallega á síðari hluta ársins 1965. Ráðstöfunarfé banka, einstaklinga og fyrirtækja jókst stórlega, eftir því sem andvirði framleiðslunnar barst þeim í hendur. Hjá bönkunum hafði þetta í för með sér eina mestu aukningu útlána, sem orðið hefur, enda fór heildareftirspurnar innanlands hraðvaxandi, eftir því sem á árið leið. Á síðasta fjórðungi ársins 1965 komu afleiðingar þessarar þróunar skýrt í ljós, m. a. í verulegri aukningu innflutnings og hækkandi fasteignaverði. Jafnframt batnaði afkoma ríkissjóðs, þannig að hann gat grynnit á skuldum sínum við Seðlabankann, og hamlaði það nokkuð á móti öðrum þensluáhrifum. Þrátt fyrir þetta sáust þess engin merki í árslok 1965, að eftirspurnaraldan væri tekin að hjaðna. Þá var einnig laust fé í höndum banka, fyrirtækja og einstaklinga óeðlilega

mikið, og gat það fyrirvaralaust breytzt í nýja eftirspurn eftir vörum, þjónustu eða fasteignum.

Í árslok 1965 taldi því bankastjórn Seðlabankans nauðsynlegt að grípa til aðgerða í peningamálum til þess að hamla á móti vaxandi þenslu í efnahagsmálum. Helztu aðgerðir bankans voru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi var skylda banka og annarra innlásstofnana til að binda fé í Seðlabankanum aukin úr 25% í 30% af innlásaukningu, en hámarksbindiskylða hverrar stofnunar hækkuð úr 18% í 20% af heildarinnstæðum.

Í öðru lagi voru innlásvestir hækkaðir almennt um 1%, svo að þeir yrðu hinir sömu og giltu fram til ársloka 1964. Hliðstæðar hækkanir voru ákvæðnar á útlánsvöxtum, þó þannig, að mjög lítil hækkun varð á vöxtum af afurða-




lánum með veði í útflutningsframleiðslu.

Í þriðja lagi beindi bankastjórn Seðlabankans þeim tilmælum til bankanna, að þeir gættu hófs í útlánum á komandi ári, en legðu jafnframt kapp á að láta rekstrarfjárþörf atvinnuveganna, og þá einkum sjávarútvegsins, sitja fyrir um lánteitingar.

Ýmsar aðgerðir ríkisstjórnar og Alþingis um svipað leyti stuðluðu einnig að betra jafnvægi í efnahagsmálum. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1966 var gætt aðhalds við aukningu útgjalda og þannig stuðlað að því, að ekki bættust við ný þensluáhrif frá ríkisbúskapnum, eins og verið hafði 1964 og 1965. Jafnframt var reynt að samræma opinbera lánsfjárlögun til framkvæmda meginstefnunni í peninga- og fjármálum. Áherzla var lögð á að afla lánsfjár vegna framkvæmdaáætlunar ríkisins innan lands, en takmarka sem mest erlendar lántökur til innlendra framkvæmda. Í því skyni voru gefin út og seld verðtryggð spariskírteini að upphæð 100 millj. kr., og jafnframt tóku viðskiptabankarnir að sér að lána 10% af aukningu innlána innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar. Í árslok 1965 var ákveðin nokkur aukning frílistans og nokkrum mánuðum síðar frekari lækkanir á tollum, einkum á efni og hlutum til bygginga. Síðastöldu aðgerðunum var ætlað að stuðla að aukinni samkeppni og beina nokkurri eftirspurn út úr hagkerfinu.

Í febrúarmánuði 1966 komu fram fyrstu merki þess, að þróun peningamála væri að fá nýja stefnu, en þá tók að draga úr vexti peningamagns, þ. e. a. s. seðla og óbundinna veltiinnlána í



höndum einkaaðila, samanborið við það, sem var árið áður, og hélt sú þróun áfram í vaxandi mæli, það sem eftir var ársins. Aukning peningamagns allt árið varð miklu minni en undanfarin ár eða 5,1% á móti 24,8% 1965 og 25,2% 1964. Seðlamagnið eitt út af fyrir sig óx um 6,5% á árinu samanborið við 31,1% 1965. Aukning sparifjár hélt aftur á móti mikil fram um mitt ár, en þá tók mjög að draga úr henni, þannig að heildaraukning sparifjár á árinu varð einnig minni en undanfarin ár. Þróun innlána hjá bönkum og sparijjóðum undanfarin þrjú ár hefur verið sem hér segir:

Aukning innlána í millj. kr.

	1964	1965	1966
Veltiinnlán	320	316	76
Spariinnlán	754	1210	983
Heildarinnlán	1074	1526	1059

hlutfallsaukning (%)

	1964	1965	1966
Veltiinnlán	27,1	21,1	4,2
Spariinnlán	17,9	24,4	15,9
Heildarinnlán	19,9	23,7	13,3

Þrátt fyrir miklu óhagstæðari þróun innlána en árið 1965, hélt hinn öri vöxtur útlána, sem hófst á árinu 1965, alveg fram undir árslok 1966. Er óhætt að fullyrða, að aukning útlána bæði þessi ár er langt umfram það, sem heilbrigjt getur talizt. Hér fer á eftir yfirlit um aukningu útlána banka og sparisjóða þrjú síðastliðin ár, bæði með og án endurseldra afurðavíxla*):


Ár	Aukning útlána		Endursala frátalín		Endursala meðtalín	
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%
1964	682	12,8	713	11,6		
1965	1065	17,7	1453	21,1		
1966	1224	17,3	1370	16,6		

Upplýsingar liggja aðeins fyrir um skiptingu útlána hjá viðskiptabönkum og stærstu sparisjóðum. Samkvæmt þeim hafa af 1266 millj. kr. útlána aukningu þeirra á árinu runnið 397 millj. kr. til sjávarútvegs og fiskvinnslu, 275 millj. kr. til verzlunar, 195 millj. kr. til iðnaðar, 98 millj. kr. til bygginga og 49 millj. kr. til landbúnaðar.

Hin óhagstæða þróun í viðskiptum bankakerfisins leiddi til þess, að lausafjárstaða þess rýrnaði mjög á árinu. Kom það fram með þrennu móti. Í fyrsta lagi eyddust að mestu lausar innstæður innlánastofnana hjá Seðlabankanum, en þær höfðu eins og fyrr segir verið óvenjulega miklar í byrjun árs. Hjá nokkrum stofnunum hrökk þetta ekki til, og söfnuðu þær verulegum

*) Í þessum kafla er leiðréttig gerð vegna bókhaldslegrar aukningar á útlánum bankanna, lækkunar á innstæðum þeirra hjá Seðlabankanum og skuld Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, sem átti sér stað í janúar 1965, sbr. ársskýrslu bankans 1965.

ADSTAÐA RÍKISSJÓÐS GAGNVART SEÐLABANKANUM



lausaskuldum í Seðlabankanum. Loks söfnuðu gjaldeyrisbankarnir lausaskuldum erlendis. Lausafjárstaða bankakerfisins í árslok var því afar óhagstæð, og er nauðsynlegt, að hún verði bætt á árinu 1967. Hér fer á eftir yfirlit um hreyfingar á eignum og skuldum innlásstofnana, samkvæmt reikningum þeirra.


Helztu reikningshreyfingar viðskiptabanka og sparisjóða

Útborganir:	1965	1966
Almennar innstæður		
í Seðlabanka	136	÷ 228
Aðrar innstæður		
í Seðlabanka	273	318
Útlán	1.453	1.370
Ýmislegt, nettó	48	104
	—	—
Alls	1.910	1.564
<i>Innborganir:</i>		
Lausaskuldir		
í Seðlabanka	÷ 18	77
Veltiinnlán	317	76
Sparifé	1.210	983
Endurkeyptir víxlar	388	148
Erlendar skuldir	÷ 85	167
Eigið fé	98	113
	—	—
Alls	1.910	1.564

Hagstæð þróun ríkisfjármála á árinu 1966 studdi mjög að framgangi þeirrar stefnu, sem rekin var í peningamálum, enda nam innstreymi fjár í Seðlabankann vegna viðskipta við ríkissjóð og ríkisstofnanir samtals 331 millj. kr. Innstæður ríkisstofnana í Seðlabankanum lækkuð nokkuð. Hins vegar varð verulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, og má eftir hreyfingum á reikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum og breytingu sjóðs hjá ríkisféhirði áætla, að hann hafi numið tæplega 400 millj. kr. Ríkisútgjöld fóru fram úr áætlun, m. a. vegna launahækkaná á árinu, en aukning ríkistekna varð enn meiri, einkum tekna af söluskatti og innflutningi. Hin óvenjulega aukning ríkistekna á árinu átti rætur að rekja til vaxandi eftirsturnar innan lands og ört vaxandi innflutnings. Á árinu varð 77 millj. kr. lækkun á mótvirðisfé. Hefur mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar, samtals að upphæð 214 millj. kr., verið ráðstafað til Landsvirkjunar, Kísiliðjunnar h.f. og til Atvinnujöfnunarsjóðs. Greiðist féð út á fjórum árum.

Þróun hinna ýmsu þátta efnahags- og fjármála endurspeglast í reikningum Seðlabankans. Eins og fram kemur á meðfylgjandi töflu, varð þróunin á árinu 1966 gjörólík þróun undanfárins árs.

Hér að framan hefur verið lýst hinum miklu umskiptum, sem urðu annars vegar á lausafjárstöðu bankanna gagnvart Seðlabankanum og hins vegar á stöðu ríkissjóðs og ríkisstofnana. Endurkaup afurðavíxla jukust miklu minna en árið áður, einkum vegna minni birgðasöfnunar. Jafnframt varð verðhækken landbúnaðaráfurða minni en



Helztu reikningshreyfingar Seðlabankans

Rýrð staða við Seðlabankann ÷
Bætt staða + (millj. kr.)


	1965	1966
Innlánsstofnanir	+ 58	÷ 129
a) Endurkeyptir víxalar	(÷ 388)	(÷ 146)
b) Lausa- fjárstaða	(+ 154)	(÷ 320)
c) Annað, nettó	(+ 292)	(+ 337)
Fjárfestingar- lánastofnanir	+ 1	÷ 26
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	÷ 9	+ 331
Mótvirðisfé	÷ 82	÷ 77
Aðrir innlendir liðir, nettó	÷ 5	+ 9
Samtals	<hr/>	<hr/>
Seðlavelta	+ 13	+ 108
<hr/>	<hr/>	<hr/>
Gjaldeyrisliðir, nettó	+ 241	+ 67
<hr/>	<hr/>	<hr/>
	+ 254	+ 175

árið áður, og verðfall varð á helztu sjávarafurðum. Af aukningu endurkaupa voru 47 millj. kr. vegna landbúnaður og 85 millj. kr. vegna sjávarútvegs. Á árinu voru tekin upp endur-

kaup iðnaðarvíxla, og námu þau samtals 14 millj. kr. í árslok. Nettókaup Seðlabankans á erlendum gjaldeyri urðu einnig miklu minni en árið 1965 og hefðu raunar engin orðið, ef gjaldeyrisbankarnir hefðu ekki safnað skuldum erlendis á árinu. Stafar það af því, að mikil aukning varð á eftirspurn eftir gjaldeyri, en gjaldeyristekjur jukust ekki á móti eins og að undanförnu.

Innstæðubinding var eins og áður meginþækið, sem Seðlabankinn gat beitt til þess að hafa áhrif á eftirspurn. Eins og fyrr segir, var hún aukin í árslok 1965, og var það einn þáttur í ráðstöfnum til þess að draga úr vexti eftirspurnarþenslu. Alls jukust bundnar innstæður um 339 millj. kr. á árinu, en það nægði þó hvergi nærri til að vega á móti auknum endurkaupum og versnandi lausafjárstöðu bankanna gagnvart Seðlabankanum, en þetta nam til samans 466 millj. kr. Var því nettófjárástreymi úr Seðlabankanum til bankakerfisins á árinu, er nam 129 millj. kr.

Eins og fram hefur komið, var meginverkefnið í stjórnum peninga- og fjármála í upphafi ársins 1966 að draga úr ofþenslu, þannig að skilyrði sköpuðust fyrir stöðugra verðlagi og kaupgjaldi og heildareftirspurn færí ekki fram úr þeim mörkum, sem framleiðslugeta þjóðarbúsins og staðan út á við setja. Áhrif peningalegra aðgerða Seðlabankans í þessa átt og bættrar stöðu ríkisssjóðs komu hins vegar ekki fram að neinu ráði fyrri hluta ársins, og átti hin mikla aukning útlána banka og sparisjóða á þessu tímabili og áframhaldandi kapphlaup um fjárfestingu mestan þátt í því. Leikur enginn vafi á, að ofþensla og spákaupmennska var



um þetta leyti komin á hættulegt stig, og voru hvorki innlásstofnanir né fyrirtæki undir það búin að mæta afturkipp af neinu tagi. Þegar áhrif verðlækkana á útflutningsvörum þjóðarinnar og minni framleiðsluaukningar fóru að koma fram síðari hluta ársins, hlutu því viðbrigðin að vera bæði snöggr og erfið bæði fyrir innlásstofnanir og fyrirtæki. Í stað hraðrar aukningar útflutnings- og þjóðarframleiðslu var nú komið vandamál stöðnunar, sem hlaut að kalla á endurskoðun margvíslegra áætlana, bæði um neyzlu og fjárfestingu. Jafnframt hvíldi hinn hái framleiðslukostnaður innan lands með vaxandi þunga á atvinnuvegunum, einkum þeim útflutningsgreinum, sem orðið höfðu fyrir mestu verðfalli.

Viðbrögð ríkisvaldsins við þessu vandamáli hafa verið fólgin í því annars vegar að koma á verðstöðvun, en hins vegar að létta nokkuð undir með þeim útflutningsframleiðslugreinum, sem lent höfðu í mestum erfiðleikum vegna verðlagsþróunarinnar. Þótt með

þessu móti hafi tekist að stöðva verðhækkanir um sinn, munu þessar aðgerðir fyrirsjáanlega hafa í för með sér versnandi afkomu ríkissjóðs á árinu 1967, einkum vegna aukinna útgjalda til að

greiða niður verðlag. Það er því augljóst, að þörf verður áframhaldandi aðhalds í peningamálum, ef koma á í veg fyrir mjög versnandi stöðu út á við á árinu 1967.

4. Alþjóðleg efnahagssamvinna

Seðlabankinn er ásamt öðrum íslenzkum stjórnarvöldum aðili að ýmsum alþjóðastofnunum og efnahagssamvinnu við önnur lönd fyrir hönd Íslands. Er þar fyrst að telja, að Seðlabankinn hefur með höndum greiðsluviðskipti Íslands, bæði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) og Alþjóðabankann (IBRD), svo og systurstofnanir hins síðarnefnda, Alþjóðafjármálastofnunina (IFC) og Alþjóðaþróunarstofnunina (IDA).

Á árinu 1966 var aðalfulltrúi Íslands í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dr. Jóhannes Nordal, en varafulltrúi Jónas H. Haralz. Í stjórn Alþjóðabankans og systurstofnana hans var aðalfulltrúi dr. Gylfi P. Gíslason og varafulltrúi Magnús Jónsson. Sóttu þessir fulltrúar allir aðalfundi stofnannanna, sem haldnir voru sameiginlega í Washington í september. Norðurlöndin hafa sameiginlega fulltrúa í framkvæmdastjórn þessara stofnana. Fram til 1. nóvember var Kurt Eklöf frá Svíþjóð fulltrúi Norðurlandanna í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en Otto Schelin frá Danmörku var

varamaður hans. Vilhjálmur Þór var aðalfulltrúi í framkvæmdastjórn Alþjóðabankans, en Odd Hökedal frá Noregi varamaður hans. Frá 1. nóvember tók Torben Friis frá Danmörku við aðalfulltrúastarfi í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en varamaður hans er Jorma Aranko frá Finnlandi. Frá sama tíma varð Karl Skjerdal frá Noregi aðalfulltrúi í framkvæmdastjórn Alþjóðabankans, en Vilhjálmur Þór varamaður hans.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur farið sívaxandi á undanförnum árum, og er sjóðurinn meginverettvangur alþjóðlegrar samvinnu á sviði gjalddeyrис- og greiðslumála. Á árinu 1966 notuðu þáttökuríkin samtals 1448 millj. dollara frá sjóðnum, en það er mun lægri upphæð en næstu tvö ár á undan, enda hafði þá Bretland tekið stór yfirdráttarlán í sjóðnum. Auk venjulegrar lánastarfsemi var meginverkefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árinu 1966 könnun og undirbúningur endurboða á hinu alþjóðlega greiðslukerfi.

Var það helzta umræðuefni á aðalfundi sjóðsins, og hefur verið ákvæðið að reyna að ná samkomulagi um framtíðarskipulag þeirra mála, er lagt verði fyrir næsta aðalfund hans í september 1967. Verða í þeim tilgangi haldnir sameiginlegir fundir framkvæmdastjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fulltrúa hinna svonefndu túr ríkja (group of ten).

Á árinu 1965 var gerð samþykkt um 25% almenna hækjun allra kvóta í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en nokkur lönd fengu frekari kvótahækkanir. Hækkanir þessar komu flestar til framkvæmda á árinu 1966, en í lok þess árs námu kvótar í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum samanlagt 20,6 milljörðum dollara, en þeir höfðu numið 16 milljörðum dollara í árslok 1965.

Við þessar kvótabreytingar hækkaði kvóti Íslands úr 11,25 millj. dollara í 15 millj. dollara. Fé þetta er lagt fram af Seðlabankanum fyrir Íslands hönd, en af því er einn fjórði hluti, eða 3,75 millj. dollara, greiddur í gulli, en afgangurinn í íslenzkum krónum. Heimild til kvótahækjunar Íslands var veitt með lögum nr. 53/1965, en kvótahækkinun kom til framkvæmda 17. marz 1966.

Ísland átti engin lánsviðskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn á árinu 1966.

Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans. Lánveitingar Alþjóðabankans hafa aukizt ár frá ári, og námu útgreidd lán á árinu 1966 782 millj. dollara, sem er hærri upphæð en nokkrum sinni fyrr. Hins vegar setti það svip sinn á starfsemi Alþjóðabankans á árinu, að mjög þrengdi að á hinum al-

þjóðlegu fjármagnsmörkuðum á árinu, og fóru vextir hækandi. Hækkaði Alþjóðabankinn af þessum sökum útlánsvexti sína úr $5\frac{1}{2}$ í 6%, en auk þess varð hann að gæta meiri varkárni en áður í útlánum sínum. Eitt meginviðfangsefni stjórnar Alþjóðabankans á árinu var að vinna að útvegun meira fjármagns til þróunarlandanna, og þá einkum til að auka ráðstöfunarfé Alþjóðaþróunarstofnunarinnar, sem er systurstyrtaeki bankans.

Á árinu 1966 veitti Alþjóðabankinn Íslandi lán til virkjunar Þjórsár við Búrfell að upphæð 18 millj. dollara, og er lánið til 25 ára með 6% vöxtum. Lán takandi er Landsvirkjun með ábyrgð ríkissjóðs. Áður hafði Alþjóðabankinn frá upphafi lánað til Íslands samtals 7,9 millj. dollara, en af þeim lánum höfðu 3,4 millj. dollara verið endurgreiddar í árslok 1966. Aðeins líttill hluti hins nýja láns var notaður á árinu. Var útistandandi skuld Íslands við bankann 5,6 millj. dollara í árslok.

Sá hluti stofnfjárfamlags Íslands til Alþjóðabankans, sem greiða ber í gjaldeyri, nemur 1,5 millj. dollurum. Af þessari upphæð hafði Ísland í lok ársins 1966 greitt í frjálsum gjaldeyri 0,8 millj. dollara, en afgangurinn verður greiddur í jöfnum hlutum á árunum 1967 til 1969.

Evrópusjóðurinn. Starfsemi Evrópusjóðsins, en hann starfar á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), var með líku sniði árið 1966 og áður. Lánveitingar sjóðsins síðustu árin hafa verið mjög litlar, og eiga nú aðeins tvö lönd, Grikkland og Tyrkland, útistandandi skuldir við hann. Ísland

átti engin viðskipti við Evrópusjóðinn á árinu 1966.

Framlagsfé Íslands til Evrópusjóðsins nemur 1 millj. dollara, en það tilheyrir þeim hluta framlagsfjárins, sem samkvæmt stofnsamningi hefur enn ekki verið kallað eftir til greiðslu. Knut Getz Wold frá Noregi er fulltrúi Norðurlanda í stjórn sjóðsins.

Norræn samvinna. Seðlabankar Norðurlanda hafa með sér náið samstarf, og er m. a. haldinn einu sinni á ári hverju

fundur, þar sem rætt er um sameiginleg vandamál. Á árinu 1966 var seðlabanka-fundurinn haldinn í Danmörku í maí-mánuði á vegum Danmarks Nationalbank. Seðlabankinn hefur auk þess af Íslands hálfu tekið þátt í störfum fjárhagsnefndar Norðurlanda, en hún fjallar um ýmis sameiginleg fjárhagsmálefni og þá einkum samvinnu á sviði alþjóðafjármála. Nefndin hélt þrjá fundi á árinu, í Danmörku, Finnlandi og á Íslandi.

5. Reikningshreyfingar Seðlabankans

Á árinu 1966 hækkaði niðurstöðutala efnahagsreiknings Seðlabankans um 298,3 millj. kr., þar af 161,8 millj. kr. vegna aukningar kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og samsvarandi innstæðuaukningar sjóðsins hjá Seðlabankanum, sem átti sér stað í marzmánuði. Að öðru leyti varð eignaaukan-ningin einkum á innstæðum hjá erlendum bönkum og skuldum innlánsstofnana við bankann, en hækkun skuldahliðar efnahagsreiknings átti einkum rætur að rekja til aukinna innstæðna innláns-stofnana.

Hreyfingar á gjaldeyrisreikningum bankans eru sýndar á töflunni hér á síðunni. Nettóbreyting á stöðu bankans gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sýnir nánast þann hluta kvóta-hækku-narinnar, sem greiddur var í gulli. Au-kning inneigna hjá erlendum bönkum átti að nokkru rætur að rekja til aukinna

innlaga á uppsagnarreikninga í stað verðbréfakaupa.

Gjaldeyrisreikningar

	1 millj. kr.	Hreyfingar
Eignir:	Árslok 1966	árið 1966
Gulleign	43,7	0,0
Alþjóðagjaldeyris-sjóður (nettó)	160,6	+ 40,4
Erlendir bankar	664,8	+ 175,5
Erl. verðbréf og víxlar	1.630,4	÷ 37,5
Vöruskipta-reikningar	24,4	÷ 0,6
Eignir alls	2.523,9	+ 177,8
Skuldir:		
Erlendir bankar	83,6	÷ 80,1
Vöruskipta-reikningar	213,6	+ 62,5
Erlend lán til langs tíma	121,9	+ 14,4
Skuldir alls	419,1	÷ 3,2
Nettóeign	2.104,8	+ 174,6

*Staða innlásstofnana**Í millj. kr.*

	<i>Árslok</i>	<i>Hreyfingar</i>
	<i>1966</i>	<i>árið 1966</i>
Skuldir:		
Viðskiptareikningar og tékkar	÷ 66,1	÷ 65,8
Lán gegn verðbréfum	÷ 24,3	÷ 24,3
Endurkeyptir víxlar	÷ 1.310,7	÷ 146,0
Skuldir alls	÷ 1.401,1	÷ 236,1

Innstæður:

Viðskipta- og uppsagnarreikningar	+ 174,4	÷ 232,0
Bundnir reikningar	+ 1.729,9	+ 338,9
Innstæður alls	+ 1.904,3	+ 106,9
Nettóinnstæður	+ 503,2	÷ 129,2

Á töflunni að ofan má sjá aukningu skulda og lækkun innstæðna á viðskiptareikningum innlásstofnana. Innstæðaukning á bundnum reikningum að upphæð 338,9 millj. kr. vegur tæplega að $\frac{3}{4}$ hlutum á móti versnandi nettóstöðu annarra reikninga innlásstofnana á árinu 1966.

*Staða fjárfestingarlánastofnana**Í millj. kr.*

	<i>Árslok</i>	<i>Hreyfingar</i>
	<i>1966</i>	<i>árið 1966</i>
Skuldir:		
Stofnlánadeild sjávarútvegsins	÷ 193,8	+ 1,1
Reikningsskuldir annarra stofnana	÷ 19,2	÷ 4,8
Lán gegn verðbréfum	÷ 26,7	÷ 26,7
Skuldabréf ýmissa stofnana	÷ 223,2	+ 32,4
Skuldir alls	÷ 462,9	+ 2,0
Innstæður á viðskiptareikn.	+ 123,2	÷ 27,8
Nettóskuldir	÷ 339,7	÷ 25,8

Staða fjárfestingarlánastofnana við Seðlabankann tók ekki miklum breytingum á árinu. Veitt voru lán gegn ríkistryggðum verðbréfum að upphæð 26,7 millj. kr., en nettóstaða þessara stofnana við bankann á öðrum reikningum var svo til óbreytt frá byrjun ársins. Sjá töfluna neðst á síðunni.

*Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana**Í millj. kr.*

	<i>Árslok</i>	<i>Hreyfingar</i>
	<i>1966</i>	<i>árið 1966</i>
Skuldir:		
Aðalviðskiptareikningur	0,0	+ 310,6
Ýmsir ríkisreikningar	÷ 112,4	÷ 60,9
Skuldabréf ríkissjóðs og ríkisstofnana ...	÷ 189,3	+ 15,5
Skuldir alls	÷ 301,7	+ 265,2

Innstæður:

Aðalviðskiptareikningur	+ 82,6	+ 82,6
Ýmsir ríkisreikningar	+ 367,1	+ 11,3
Ríkisstofnanir	+ 286,1	÷ 27,9
Innstæður alls	+ 735,8	+ 66,0
Nettóinnstæður	+ 434,1	+ 331,2

Aðstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum er sýnd á töflunni hér að ofan. Umtalsverðasta breytingin á árinu er bætt staða aðalviðskiptareiknings ríkissjóðs um 393,2 millj. kr. Nettóstaða ríkissjóðs á ýmsum reikningum varð tæplega 50 millj. kr. lakari í árslokin en á sama tíma 1965, og eru þá meðtalin lán til ríkissjóðs vegna alþjóðastofnana, sem hækkuðu um 10,2 millj. kr. á árinu 1966.

Töluleg skipting umráðafjár Seðlabankans og ráðstöfun þess er sýnd í eftirfarandi töflu.

Innstæður innlásstofnana mynda rúmlega þriðjung af umráðafé bankans og seðlaveltan fimmta hluta þess. Hins vegar hefur meira en helmingi umráðafjárins verið varið til öflunar gjald-eyriseigna, en rösklega fjórðungur hefur runnið til innlásstofnana.

Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi Seðlabankans varð 9,6 millj. kr. árið 1966. Færðir voru til gjalda vextir af eigin sjóðum að upphæð 9,8 millj. kr. og arður af stofnfé var reiknaður 6,0 millj. kr. Ýmsir eigin sjóðir bankans hækkuðu samtals um 21,7 millj. kr. á árinu.

<i>Ráðstöfun umráðafjár Seðlabankans</i>	<i>1965</i>	<i>1966</i>
Umráðafé:		
Seðlar í umferð	1.017,8	1.084,4
Innstæður innlásstofnana	1.797,4	1.904,3
Innstæður fjárfestingarlánastofnana	151,0	123,2
Innstæður ríkissj. og ríkisstofnana	669,8	735,8
Mótvirðisfé	268,0	190,9
Stofnfé og ýmsir sjóðir	287,4	309,1
	(4.191,4)	(4.347,7)
<i>Ráðstöfun:</i>		
Gjaldeyrisreikningar (nettó)	1.930,2	2.104,8
Skuldir innlásstofnana	1.165,0	1.401,1
Skuldir fjárfestingarlánastofnana	464,9	462,9
Skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana	566,9	301,7
Ýmislegt (nettó)	64,4	77,2
	(4.191,4)	(4.347,7)

6. Fjárfestingsarlánamál

Framkvæmda- og fjárfunaráætlunarinnar. Seðlabankinn hefur ásamt Efna-hagsstofnuninni með höndum undirbúning hinnar árlegu fjárfunará- og framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar. Sér bankinn um þann hluta hennar, er varðar fjárfestingsarlánasjóði og fjárfun til fyrirtækja. Jafnframt hafði hann með höndum framkvæmd varðandi innlenda fjárfun til áætlunarinnar.

Á árinu 1966 var gert samkomulag við viðskiptabankana um, að 10% af aukningu innlána hjá þeim færð til sérstakra útlána á vegum ríkisstjórnarinnar. Samkomulag þetta var hliðstætt

því samkomulagi, sem gert var við sömu stofnanir á árunum 1963—1965. Eins og áður hafði Seðlabankinn milligöngu um innköllun fjárins og afgreiðslu lána, en lánin voru veitt á grundvelli fjárfestingsaráætlunar ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1966. Tíu hundraðshlutar af aukningu innlána bankanna á árinu 1966 námu 78,9 milljónum króna. Eftirstöðvar samkomulagsins við bankana frá árinu 1965 voru tæpar 64 milljónir króna, þannig að samtals var til ráðstöfunar á árinu 1966 142,9 milljónir kr. Um síðastliðin áramót námu afgreidd lán 147,4 millj. kr.

Árið 1966 gaf ríkissjóður út spari-

skírteinalán að fjárhæð samtals 100 milljónir króna. Voru 50 milljónir króna seldar af því í maímánuði 1966 og 50 milljónir króna í október 1966. Spariskírteinin voru með sama sniði og sömu skilmálum og skírteini þau, er voru seld á árinu 1966, þ. e. meðalvextir voru 6% og lánstíminn 12 ár. Skírteinin seldust upp á nokkrum dögum eins og áður. Seðlabankinn annaðist allan undirbúning lánsins og dreifingu. Hann sá einnig um að endurlána andvirði seldra skírteina, og var fénu ráðstafað í samræmi við fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar. Um síðastliðin áramót námu endurlán spariskírteinafjár frá árinu 1966 samtals 97,9 millj. kr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Stofnlánadeild starfaði í tveimur deildum á árinu 1966 eins og árið áður. Í deild I eru taldir hinir eldri láanaflokkar, þ. e. a. s. A-flokkur og B-flokkur. Nýjar lánveitingar áttu sér ekki stað á árinu. Námu reikningsskuldir við Seðlabankann vegna þessara flokka 25,3 millj. kr. í árslok og höfðu þær lækkað um 5,9 millj. kr. á árinu.

Mestöll starfsemi stofnlánadeilda á árinu átti sér stað í deild II. Þar eru taldir C-, D- og E-láanaflokkar, sem urðu til við lánabreytingu sjávarútvegsins 1961—1962, og auk þess F-láanaflokkur. Síðasttaldi flokkurinn hófst á árinu 1965 með sérstöku samkomulagi Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans, og eru í honum framkvæmdalán til fiskvinnslustöðva og dráttarbrauta.

Eftirstöðvar lána úr C-, D- og E-flokkum námu í árslok 220,1 millj. kr. og höfðu lækkað á árinu um 23,3 millj. kr.

Verðbréfæign lækkaði um 2,0 millj. kr. og nam í árslok 30,4 millj. kr.

Nýjar lánveitingar úr F-láanaflokki námu á árinu samtals 77,5 millj. kr., samanborið við 65,5 millj. kr. árið 1965. Er hér miðað við útborgað lánsfé. Af því runnu 58,7 millj. kr. til fiskvinnslustöðva, en 18,8 millj. kr. til dráttarbrauta. Til að standa straum af þessum lánveitingum lögðu bankarnir deildinni til nýtt framlagsfé að upphæð 10 millj. kr., en sérstök fjárlögun nam 34,3 millj. kr., einnig frá bönkum. Eftirstöðvar F-lána í árslok námu 140,3 millj. kr., og höfðu þær hækkað um 74,5 millj. kr. á árinu. Tekjuafgangur deildar II nam samtals 2,3 millj. kr.

Árið 1966 var síðasta starfsári Stofnlánadeilda sjávarútvegsins. Var hún í ársbyrjun 1967 sameinuð Fiskveiðasjóði Íslands ásamt Skuldaskilasjóði útvegsmanna, þar sem láanaflokkum hennar verður haldið áfram. Hverfur starfsemi þessi þar með úr höndum Seðlabankans að öðru leyti en því, að bankinn tilnefnir fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðs.

Ríkisábyrgðasjóður. Starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs, sem starfræktur er í umboði fjármálaráðuneytisins, var með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár, fyrirgreiðsla um veitingu ríkisábyrgða, innheimta og innlausn krafna og umsýsla lána úr ríkissjóði. Fjöldi ábyrgða, sem veittar voru á árinu, var svipaður og árið áður, 179 á móti 180 árið 1965 auk 629 ábyrgða á lánum byggingarsamvinnufélaga, en þær voru 568 árið áður. Upphæð hinna nýju ábyrgða varð hins vegar miklum mun hærri nú en verið hefur áður, eða 1.537

millj. kr., en 1965 var upphæð nýrra ríkisábyrgða 373 millj. kr. Hér fer á eftir yfirlit yfir skiptingu hinna nýju ríkisábyrgða á einstaka flokka framkvæmda. Til samanburðar er upphæð ábyrgða 1965.

	1965	1966	
	m. kr.	tala	m. kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir	61	43	57
Vatnsveitur	11	25	13
Fiskiðnaður, síldarverksmiðjur og síldarflutningar	60	67	136
Iðnaður	21	10	56
Landbúnaður	21	1	3
Raforkumál	9	9	1052
Samgöngur	32	14	68
Annað	70	10	29
 Samtals	<hr/> 285	<hr/> 179	<hr/> 1414
Byggingarsamvinnufélög	88	629	123
 Alls	<hr/> 373	<hr/> 808	<hr/> 1537

Heildarfjárhæð nýrra ábyrgða hefur rúmlega fjórfaldast frá árinu áður. Hækjunin stafar fyrst og fremst af lánum til raforkumála, en á árinu var samið um erlend lán til framkvæmda við Búrfellsþirkjun, samtals 24 millj. dollara eða 1.032 millj. kr. Mikið var á árinu um lán til fiskvinnslustöðva og síldarverksmiðja eins og áður, en hin mikla hækjun í þessum flokki stafar þó fyrst og fremst af ábyrgðum á lánum til kaupa á tveim síldarflutninga-

skipum, Síldinni og Hafernинum, en ábyrgðir til kaupa þessara tveggja skipa nema alls 67,7 millj. kr. Ábyrgðir vegna iðnaðar hafa nær þrefaldast frá árinu áður. Rúmur helmingur ábyrgðanna er vegna lántoku Iðnláanasjóðs, en að öðru leyti er um að ræða lán til dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, og hafa lánveitingar til þeirra ekki áður verið jafnmiklar. Flugfélag Íslands h.f. keypti nýja vél til innanlandsflugs á árinu, og var ábyrgð veitt vegna þeirra kaupa, 32 millj. kr. Hér fer á eftir yfirlit yfir greiðslur Ríkisábyrgðasjóðs vegna van-skila árin 1964 til 1966 í millj. kr.:

	1964	1965	1966
Innleystar kröfur	155	179	108
Endurgreiðslur skuldara ..	46	124	73
 Nettógreiðslur	<hr/> 109	<hr/> 55	<hr/> 35
Vaxtafærslur meðtaldar í innleyustum kröfum	8	6	4
 101	<hr/> 49	<hr/> 31	

Af yfirliti þessu má sjá, að veruleg breyting hefur orðið til batnaðar, þar eð hvort tveggja hefur farið lækkandi, innleystar kröfur og nettógreiðslur. Greiðslurnar 1966 skiptast á svipaðan hátt og verið hefur undanfarin ár, þ. e. a. s. mest var greitt vegna fiskiðnaðar, hafnargerða og togaralána.

7. Stjórn, seðlamál, löggjöf o. fl.

Stjórn bankans. Hinn 1. júlí 1966 tók Sigtryggur Klemenzson, fyrrv. ráðuneytisstjóri, við starfi sem bankastjóri við Seðlabankann í stað Vilhjálms Þór, sem lézt af störfum sem bankastjóri 31. október 1964. Sigtryggur er fæddur 20. ágúst 1911. Hann varð lögfræðingur frá Háskóla Íslands 1937. Hann hefur gegnt ýmsum opinberum störfum, þ. á. m. í fjárhagsráði frá 1947 til 1952, í bankaráði Framkvæmdabanka Íslands og frá 1952 ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.

Engar aðrar breytingar urðu á stjórn bankans á árinu. Fastir starfsmenn bankans í árslok voru 65 að tölu.

Bankastjórn:

Dr. Jóhannes Nordal, formaður
Jón G. Maríasson
Sigtryggur Klemenzson

Bankaráð:

Birgir Kjaran, hagfræðingur, formaður
Emil Jónsson, ráðherra, varaformaður
Ingi R. Helgason, hæstaréttarlögmaður
Ólafur Björnsson, prófessor
Sigurjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Helzu starfsmenn bankans 31. desember 1966:

Skrifstofustjóri, Björn Tryggvason

Aðrir embættismenn:

Aðalféhirðir, Þorvarður Þorvarðsson
Forstöðumaður endurskoðunardeildar
og bankaeftirlits, Georg Hansen
Hagfræðingur, Sigurgeir Jónsson
Lögfræðingur Stofnlánad., Björn Ólafs
Aðalbókari, Jóhann T. Ingjaldsson

Deildarstjórar, fulltrúar o. fl.:

Aðalfjárhírzla, Stefán G. Þórarinsson
Aðalskrifstofa, Sigurður Örn Einarsson
Afgreiðsla, Sighvatur Jónasson

Ávisanaskipti, Jón H. Friðsteinsson
— lögfræðingur, Sveinbjörn Hafliðason
Bóka- og skjalasafn, Haraldur Hannesson
Endurkaupadeild, Stefán B. Stefánsson
Endurskoðunardeild, Pétur Urbancic
Fjármálatíðindi, Valdimar Kristinsson
Gjaldeyriseftirlit, Sigurður Jóhannesson
Pór Halldórsson
Greiðslujafnaðardeild, Ólafur Tómasson
Hagræðideild, dr. Gísli Blöndal
Grétar Áss Sigurðsson
Ríkisábyrgðasjóður, Harald S. Andrésson
— lögfræðingur, Heimir Hannesson
Seðlagreining, Torfi Ólafsson

Seðlaútgáfa. Seðlar, sem nú eru í umferð, eru annars vegar seðlar gefnir út árið 1960 með heimild í lögum nr. 63/1957. Eru þeir allir með nafni Landsbanka Íslands, Seðlabankans. Hins vegar eru seðlar gefnir út í nafni Seðlabanka Íslands, skv. núverandi lögum bankans nr. 10/ 1961. Báðir flokkar eru sem næst eins að útliti og stærð þeirra miðuð við vélakost bankans við seðlagreiningu. Vinna 8 manns í bankanum eingöngu við greiningu seðla, til eyðileggingar eða áframhaldandi umferðar.

Seðlar með nafni Landsbanka Íslands, sem fyrst komu út í janúar 1948 hafa enn fullt gildi. Hins vegar sjást þeir vart í umferð, nema helzt 500 króna seðillinn, en birgðir af honum entust fram á árið 1965.

Með yfirtöku myntsláttu skapast að staða fyrir bankann til að hætta útgáfu minnstu seðlanna. Eru þeir óhentugir almenningi og orðið tímabært að tak a mynt í notkun í stað þeirra að einhverju leyti.

Í árslok 1966 voru seðlar í umferð 1.084,4 millj. kr. og jukust um 66,6 millj. kr. á árinu, en aukningin á árinu áður var 241,3 millj. kr. og á árinu 1964 122,1 millj. kr. Seðlaveltan á árinu 1966 varð lægst hinn 23. febrúar, 870,2 millj. kr., en hæst varð hún 1.171,0 millj. kr. dagana 17. og 23. desember. Á árinu 1965 varð seðlaveltan lægst 24. febrúar 699,9 millj. kr. og hæst 18. desember 1.083,8 millj. kr. Á 12. töflu er sýnt mánaðarlegt yfirlit yfir seðlaveltu, meðalseðlaveltu og seðlaveltu að frádregnum seðlum í sjóði hjá bönkum og ríkissjóði árin 1965 og 1966.

